

GJALDSKRÁ

Hollustuverndar ríkisins vegna eftirlits og vinnslu starfsleyfa á sviði mengunarvarna.

1. gr.

Tímagjald.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald sem nemur 5.000 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

2. gr.

Gjöld fyrir mengunarvarnaeftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjald af fyrirtækjum sem stofnunin hefur eftirlit með samkvæmt 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og er í atvinnurekstri sem talinn er upp í fylgiskjali nr. 1 og viðauka I með reglugerðinni, að undanskildum atvinnurekstri samkvæmt liðum 6.4, 6.5 og 6.6 viðaukans.

Vegna reglubundins eftirlits, samkvæmt 2. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og því sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal innheimta gjald sem hér segir:

Eftirlitsflokkur	Upphæð gjalds
1. flokkur	kr. 253.000
2. flokkur	kr. 127.000
3. flokkur	kr. 99.000
4. flokkur	kr. 89.000

Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna reglubundinna eftirlitsmælinga, samkvæmt 2. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og því sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. gjaldskrárinnar auk ferðakostnaðar og útlagðs kostnaðar. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna eftirlits samkvæmt 5. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. gjaldskrárinnar auk ferðakostnaðar og útlagðs kostnaðar. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

3. gr.

Gjöld vegna vinnslu starfsleyfa.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald, af fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali 1 og I. viðauka með reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar.

Gjald fyrir vinnslu nýs starfsleyfis er tvíþætt:

A. Fast gjald, vegna kostnaðar við móttöku, auglýsingar, útgáfu og kynnisfundi er sem hér segir:

Eftirlitsflokkur	Upphæð gjalds
1. flokkur	kr. 268.000
2. flokkur	kr. 209.000
3. flokkur	kr. 120.000

4. flokkur kr. 68.000

5. flokkur kr. 68.000

Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

B. Fyrir vinnu við gerð starfsleyfistillagna og úrvinnslu og afgreiðslu innsendra athugasemda skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr. gjaldskrárinnar. Ferðakostnaður, kynning umfram lágmarks kynningu, sbr. A lið, og útlagður kostnaður greiðist samkvæmt reikningi sem gefinn skal út þegar drög að starfsleyfi liggur fyrir.

Fyrirtæki getur samið um að hluti af gerð starfsleyfistillögu felist í samráði Hollustuverndar ríkisins um undirbúning starfsleyfis og umsögn um drög að matsskýrslu samkvæmt 14. og 17. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Reikningur skal gefinn út þegar drög að starfsleyfi liggur fyrir.

Fyrir endurskoðun og breytingu á starfsleyfi sankvæmt IX. kafla reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðinga ásamt útlögðum kostnaði m.a. við auglýsingar, ferðir og kynningu. Reikningur skal gefinn út þegar drög að starfsleyfi liggja fyrir.

4. gr.

Innheimta.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Eindagi gjalda er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Heimilt er að innheimta dráttarvexti frá útgáfudegi reiknings sé skuld ekki greidd á eindaga. Um innheimtu fer að öðru leyti samkvæmt 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Frávik frá gjaldskrá.

Heimilt er að lækka eftirlitsgjald samkvæmt 2. gr. dragi Hollustuvernd ríkisins úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti í samræmi við 6. og 7. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Skulu ráðstafanir eftirlitsskylds fyrirtækis til að draga úr þörf fyrir reglubundið eftirlit þá metnar til lækkunar eftirlitsgjalds.

6. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fengnum tillögum forstjóra Hollustuverndar ríkisins, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 268/2000.

Umhverfiráðuneytinu, 19. febrúar 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.